



Nefndarsvið Alþingis  
Kristjana Benediktsdóttir  
Aðalstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/476*  
*komudagur 29.11.2010*

Reykjavík, 26. nóvember  
2010  
EBG/hó

**Efni. Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á 139.  
löggjafarþingi, þskj. 217 – 200. mál**  
*Tilv. 2010110013*

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. nóvember 2010.

Bændasamtökin leggjast gegn þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu á lögum nr. 87/2006, um olfugjald og kílómetragjald (VII. kafla) og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. (IX. kafla) eins og nánar greinir í bréfi þessu.

Það er ljóst að nú þegar hefur verið gengið of nærri heimilum og fyrirtækjum með auknum álögum. Rekstarkostnaður heimila og fyrirtækja hefur hækkað mikið undanfarin ár. Auknar álögur hafa veruleg áhrif á vísitölu og þar með fjármagnskostnað einstaklinga og fyrirtækja og er ekki á það bætandi. Álögur á olíu og bensín eru sérstaklega íþyngjandi fyrir bændur og aðra íbúa í dreifbýli þar sem þeir hafa ekki færi á því að nýta sér almenningssamgöngur eða önnur samgönguúrræði til jafns við höfuðborgarbúa.

Nefndin hefur einnig til umfjöllunar 197. mál, frumvarp til breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja). Bændasamtök Íslands fengu það frumvarp ekki til umsagnar en vilja koma á framfæri athugasemdum þar sem það frumvarp er sérstaklega íþyngjandi fyrir bændur og aðra íbúa í dreifbýli sem þurfa vegna búsetu sinnar og starfa á stærri bifreiðum með fjórhjóladrifi að halda.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson  
lögfræðingur